

29.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 3.maí 2012 á skrifstofu sambandsins.

Mætt: Sigurjón, Guðjón, Kári og Gry. Grétar, landsliðsþjálfari mætti á fundinn. Auðunn, Birgir, Hulda og Óskar Ingi boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Grétar upplýsti um að kassi utanum dómara ljósinn er í smíðum.
3. Drög að afreksstefnu lesin og lagfærð. **Guðjón** gengur frá endanlegri útgáfu af textanum og setur í Dropbox.
4. Tillaga að *Samkomulagi um þátttöku á mótum erlendis fyrir hönd Kraftlyftingasambands Íslands* var **samþykkt**. **Guðjón** gengur endanlega frá textanum. **Landsliðsnefnd** gerir undirritað samkomulag við keppendur sem fara á EM í opnum flokki.
5. Drög að starfslýsingu landsliðsþjálfara og landsliðsnefndar voru rædd og breytingar gerðar. **Guðjón** uppfærir drögin og setur í Dropbox. **Gry** opnar netfangið [coach@kraft.is](mailto:coach@kraft.is)
6. Stjórnin **samþykkir** að Norðurlandamótið í opnum flokki í kraftlyftingum og bekkpressu fari fram á Íslandi 2014.
7. Formannafundur. Ákveðið var að boða til fundar mánudaginn 21.maí kl. 19.00 – 21.00. Aðalefni fundarins verður umræða um afreksstefnu. **Gry** boðar fundinn.
8. Frá útbreiðslunefnd:
  - Sigurjón og Guðjón sögðu frá góðum fundi með fulltrúum Íþróttafélags fatlaðra. Byrjað er að leggja drög að framtíðarsamstarfi.
  - Upplýst var að stofnfundur Kraftlyftingadeildar UMF Snæfells í Stykkishólmi hafi átt sér stað.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið kl. 23.00

Fundarritari Gry Ek